

**STAÐA ÍSLENSKRA HÁSKÓLANEMA:
AÐGENGI, EFNAHAGUR OG TÆKIFÆRI TIL NÁMS**

NIÐURSTÖÐUR EUROSTUDENT VI



Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Apríl 2018

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9935-436-77-1

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
1 Persónulegir hagir.....	3
2 Námsbakgrunnur.....	6
3 Núverandi nám.....	9
4 Aðstæður og fjármál.....	14
5 Alþjóðleg reynsla.....	21
Samantekt.....	31



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

maskína

eurostudent.eu
★★★★★



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union


EUROSTUDENT VI

EUROSTUDENT er evrópsk könnun á ýmsum félags- og efnahagslegum þáttum sem snerta háskólanema. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ákvað árið 2015 að taka þátt í könnuninni í fyrsta sinn og fól Maskínu framkvæmd EUROSTUDENT VI á Íslandi. Skýrsla þessi er heildarskýrsla þeirra niðurstaðna er snúa að Íslandi. Hún er unnin með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfan endurspeglar eingöngu afstöðu höfunda og framkvæmdastjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar.

Gagnaöflun fór fram dagana 3. maí til 1. júlí 2016. Í þýði og úrtaki voru allir háskólanemar á Íslandi aðrir en doktorsnemar eða 16.241 nemandi. Allir fengu hlekk á vefkönnunina sendan í tölvupósti og var áminning send til þeirra sem ekki svöruðu strax. 1.978 nemendur tóku þátt og er það 12,2% svarhlutfall. Svarhlutfall var fjölbreytilegt og virðist úrtaksaðferðin skipta þar höfuðmáli. Í Danmörku var svarhlutfall 31% en þar var tekið lagskipt úrtak úr stærstu háskólunum. Í Finnlandi var svarhlutfall einnig 31% en þar var tekið lagskipt úrtak eftir aldri, kyn og námsleið. Í Noregi var svarhlutfall 36,7% en þar var tekið slembiúrtak. Í Svíþjóð var svarhlutfall 2,3% en þar var ekki tekið úrtak og allt þýði stúdenta gat tekið þátt, líkt og á Íslandi. Gögnin voru vigtuð með tilliti til kyns, aldurs, háskóla og námsstigs.


1 Persónulegir hagir

Meðalaldur þátttakenda var 29,7 ár með staðalfrávik 8,8 ár. Til samanburðar var meðalaldur þátttökulanda EUROSTUDENT VI 25,0 ár með staðalfrávik 6,2 ár og meðalaldur á Norðurlöndunum var 27,8 ár en ekki eru til upplýsingar um staðalfrávik fyrir það úrtak. Háskólanemar á Íslandi eru því nokkuð eldri að meðaltali en nemendur í öðrum Evrópulöndum (sjá mynd 1.1). Ekkert land í EUROSTUDENT VI er með jafn hátt hlutfall háskólanema yfir þrítugt.




Mynd 1.1. Flokkaður aldur þátttakenda.

Hartnær 63% þátttakenda á Íslandi voru konur og rúmlega 37% karlar, sem er talsvert ójafnara en meðalhlutfall EUROSTUDENT VI þar sem 56% þátttakenda voru konur. Á mynd 1.2 sést kynjahlutfall í hverri námsleið. Þar má meðal annars sjá að konur voru yfir 80% í kennslufræði og á sviði heilsu og velferðar.



Mynd 1.2. Hlutfall kynja eftir námsleiðum.


Um þriðjungur svarenda átti eitt barn eða fleiri sem er tvöfalt hærra hlutfall en á Norðurlöndunum og það hæsta í EUROSTUDENT VI (sjá mynd 1.3). Meðalaldur yngsta barns háskólanema á Íslandi var 6,7 ár með staðalfrávik 5,7 ár en 41,2% af yngstu börnum háskólanema voru undir þriggja ára og 9,8% þeirra voru eldri en 15 ára. Aldur yngsta barns skiptir máli þar sem ætla má að það valdi auknu álagi á háskólanema að eiga barn sem er yngra en þriggja ára.



Mynd 1.3. Hlutfall háskólanema með börn.

Langflestir háskólanemanna fæddust á Íslandi og eiga foreldra eða forsjáraðila sem gerðu það einnig, eða 86,5%. Næststærsti hópurinn er af svokallaðri fyrstu kynslóð, það er þeir sem fæddust erlendis og báðir foreldrar eða forsjáraðilar einnig, 7,1%, og 3,4% af annarri kynslóð, það er fæddust á Íslandi sjálf en annað eða báðir foreldrar fæddust erlendis.


Spurt var hvort nemendur væru með fötlun, hömlun eða langvarandi heilsufarsvandamál. Það voru 39% svarenda sem nefndu eitthvað af því tagi en hægt var að velja fleiri en einn svarkost. Þetta svarhlutfall er herra en í öðrum Norðurlöndunum (25%) og tvöfalt herra en í EUROSTUDENT VI (18%). Skiptingu svara má sjá á mynd 1.4. Athygli vekur tölurverður munur á tíðni andlegra veikinda og sértækra námsörðugleika hjá háskólanemum á Íslandi og öðrum þátttökulöndum í EUROSTUDENT VI. Ef niðurstöður eru kyngreindar má sjá að algengast var að konur segðust glíma við andleg veikindi, 17% á móti 12% karla. Næst algengast hjá konum voru námserfiðleikar, 16% á móti 21% hjá körlum, en námserfiðleikar voru algengasta val karla.



Mynd 1.4. Hlutfall svarenda sem sögðust glíma við fötlun, hömlun eða langvarandi heilsufarsvandamál.

Af þeim sem sögðust glíma við einhverja fötlun, hömlun eða langvarandi heilsufarsvandamál sögðu 4% að aðrir tækju eftir henni strax við fyrstu kynni, 20% að aðrir tækju eftir henni eftir nokkurn tíma og 76% að aðrir tækju ekki eftir henni. Þá sögðu 26% þessa sama hóps að fötlunin, hömlunin eða heilsufarsvandamálið hindraði sig að öllu eða miklu leyti við að stunda námið. Skiptingu svara má sjá á mynd 1.5. Aðeins 13–14% sögðu hins vegar að þetta hindraði sig í daglegu lífi en rúmlega helmingur svaraði að það hindraði að litlu eða engu leyti í daglegu lífi.

Að lokum áttu þeir háskólanemar sem voru með einhverja fötlun, hömlun eða langvarandi heilsufarsvandamál og svöruðu því að það hindraði að litlu eða jafnvel að öllu leyti við að stunda nám, að meta þann stuðning sem þeir fá frá sveitarfélögum, ríki eða háskólanum. Rúmur þriðjungur sagðist ekki þurfa eða vilja neinn stuðning en álíka hópur sagði stuðninginn of lítinn eða ófullnægjandi. Aðeins rúmlega 13% svöruðu að stuðningurinn væri fremur eða algjörlega fullnægjandi.




Mynd 1.5. Hlutfall þeirra sem glíma við einhverja fötlun, hömlun eða langvarandi heilsufarsvandamál skipt eftir hindrunum við að stunda nám.

2 Námsbakgrunnur

Flestir íslenskir háskólanemar (89%) eru með stúdentspróf eða sambærilegt próf frá Íslandi, en 5% sögðust vera með sambærilegt erlent próf og 6% ekki vera með stúdentspróf.


Flestir íslenskra háskólanema hófu nám innan 24 mánaða eftir að þeir luku framhaldsskóla, eða 73% (sjá mynd 2.1), og voru flestir þeirra barnlausir er þeir hófu nám (76%). Þetta svipar til hlutfalls háskólanema á hinum Norðurlöndunum, en þar fóru 76% að meðaltali í háskólanám innan 24 mánaða, en 86% evrópskra háskólanema. Athyglisverðan mun má sjá á milli hópa eftir bakgrunni foreldra eða forráðarmanna. Háskólanemar sem eiga foreldra sem eru ekki með háskólagráðu eru mun líklegri til að gera hlé á námi sínu í meira en 24 mánuði, hátt í 37%, en þeir sem eiga foreldra með háskólagráðu, aðeins 18%.



Mynd 2.1. Samanburður á hlutfalli háskólanema eftir tíma sem leið frá því að þeir luku framhaldsskólanámi þar til þeir hófu háskólanám.

Fáir þátttakendur höfðu fengið reynslu eða hæfni utan hefðbundins náms metna (atvinnureynsla, óformleg námskeið, sjálfsnám o.s.frv.) við fyrstu inngöngu í háskóla eða sem hluta af núverandi námi. Tæp 8% sögðust hafa fengið reynslu metna við fyrstu inngöngu í háskóla og 7,2% höfðu fengið eitthvað metið til núverandi náms. Algengast var að þeir sem stunduðu nám í kennslufræði höfðu fengið reynsluna metna (milli 11% og 12% fyrir báða svarmöguleikana).


Sjaldgæfast er að þeir sem voru skráðir í nám í náttúruvísindum, stærðfræði og tölfræði höfðu fengið reynsluna metna en þar var hlutfallið aðeins á bilinu 2% til 3% fyrir báða kostina. Meirihluti íslenskra háskólanema hafði stundað vinnu í meira en eitt ár áður en þeir hófu fyrst háskólanám (52%), en aðeins 12% höfðu ekki verið í neinu starfi sem er töluvert lægra en á Norðurlöndunum (25%) og langlægsta hlutfallið meðal evrópskra nemenda (46%) (sjá mynd 2.2.)



Mynd 2.2. Hlutfall háskólanema sem hafði verið í launuðu starfi áður en þeir hófu fyrst nám í háskóla.

Meistaránemar sem tóku þátt í EUROSTUDENT VI voru einnig spurðir hversu langur tími hefði liðið frá fyrri háskólagráðu að námi á meistarastigi (sjá mynd 2.3). Á Íslandi virðist vera algengt að gera hlé á námi en næstum 42% svarenda létu meira en tvö ár líða á milli námsstiga. Af þeim sem voru skráðir í meistaránám luku 82% prófgráðu sem var undanfari meistaránámsins á Íslandi og 17% erlendis. Um 1% svarenda sagðist ekki hafa lokið neinni háskólagráðu á undan núverandi meistaránámi.


Hversu langur tími leið frá því þú útskrifaðist með fyrri háskólagráðu þar til þú hófst nám á meistarastigi?



Mynd 2.3. Samanburður á hlutfalli háskólanema eftir tíma sem leið frá því þeir luku fyrri háskólagráðu og þar til þeir hófu nám á meistarastigi í háskóla.

Áhugavert er að aðeins 10,4% af svarendum sögðust ekki ætla í frekara nám eftir að næstu prófgráðu lyki en margir voru hins vegar óákveðnir (31,9%). Flestir þátttakenda sögðust þó ætla í frekara nám, eða 57,7%. Svörin voru greind frekar eftir tegund náms og má sjá svör þeirra sem skráðir eru í bakkalárnám á mynd 2.4.

Ætlar þú í frekara nám eftir að þú lýkur næstu prófgráðu í núverandi námi? – Stúdentar í bakkalárnámi




Mynd 2.4. Framhald á námi – Svör þeirra sem skráðir eru í bakkalárnám.

Foreldrar og forsjáraðilar háskólanema á Íslandi eru almennt með minni menntun en á hinum Norðurlöndunum. Til dæmis eru 59% foreldra eða forsjáraðila með háskólagráðu á Norðurlöndunum en 49% á Íslandi. Nánari samanburð má sjá á mynd 2.5.

Þeir sem eiga foreldra sem hafa lokið þriðja stigs gráðu í námi eða meira voru mun líklegri (66%) til að telja foreldra eða forsjáraðila sína vera fremur eða mjög vel stadda fjárhagslega en þeir sem eiga minna menntaða foreldra (33%).


Hver er hæsta námsgráða sem móðir þín/for sjáraðili og faðir þinn/for sjáraðili hafa lokið?



Mynd 2.5. Hæsta námsgráða foreldra eða forsjáraðila.

3 Núverandi nám


Flestir svarendur voru skráðir í nám sem lýkur með bakkalárgráðu, eða 70,8%, og 24,4% voru skráð í nám sem lýkur með meistara­gráðu. Til samanburðar voru 56,8% svarenda á Norðurlöndunum skráð í nám sem lýkur með bakkalárgráðu og 26,0% í námi sem lýkur með meistara­gráðu. Á Íslandi kom diplóma næst með 3,3% en 1,5% voru skráðir í aðrar gráður. Flestir íslenskir háskólanemendur sem svöruðu könnuninni stunda nám sitt í Reykjavík, eða 85,1%. Hlutfall svarenda eftir námsleiðum má sjá á mynd 3.1. Þorri þeirra sagðist vera skráður í fullt nám eða 93,9%. Flestir sögðust vera á fyrsta ári í núverandi námi eða 36,8%. Næstflestir voru á öðru ári eða 29,5% og 22,3% á því þriðja.



Mynd 3.1. Hlutfall svarenda eftir námsleiðum.

Íslenskir háskólanemar virðast verja meiri tíma í nám utan kennslu og við launuð störf en nemendur annarra þjóða þótt svipaður tími fari í skipulagðar kennslustundir (sjá mynd 3.2). Íslenskir bakkalárnemar verja 17,7 tímum að meðaltali á viku í skipulagðar kennslustundir en meistaranemar segjast aðeins verja í þær að meðaltali 10,6 tímum á viku. Þessir tveir hópar verja nokkuð jafn miklum tíma í nám utan kennslu, eða á bilinu 23–24 tímum á viku. Þegar tekinn er saman sá tímafjöldi sem íslenskir háskólanemar verja í skipulagðar kennslustundir, nám utan kennslu og launað starf kemur í ljós að hvergi annars staðar í þátttökulöndum EUROSTUDENT VI er hann jafn mikill.


Hversu mörgum klukkustundum verð þú í dæmigerðri viku í nám þitt og vinnu á meðan önninni stendur?



Mynd 3.2. Tíma varið í nám og vinnu skipt niður eftir löndum.

Einnig var spurt hvort háskólanemar vildu verja meiri eða minni tíma í fyrrgreinda þætti og þar segjast 32% Íslendinga vilja verja minni tíma í launað starf og 38% í nám utan kennslu. Nánari skiptingu má sjá á mynd 3.3.


Þegar þú hugsar um þann tíma sem þú verð í námið og launuð störf með námi, vinsamlega tilgreindu hvort þú viljir verja minni, sama eða meiri tíma í eftirfarandi þætti:



Mynd 3.3. Mat á tíma varið í þætti tengda námi og vinnu.


Flestir háskólanemar segjast vera ánægðir með skipulag og stundatöflu námsins (66% á Íslandi og 59% á Norðurlöndunum), námsaðstöðu (67% á Íslandi og 71% á Norðurlöndunum) og gæði kennslunnar (71% á Íslandi og 70% á Norðurlöndunum). Taka má fram að nemendur á Norðurlöndum eru almennt ánægðari með þessari þætti náms síns en nemendur annarra Evrópulanda. Nánari skiptingu á þessum þáttum eftir námsleið þar sem svörum er raðað eftir ánægju má sjá á mynd 3.4, 3.5 og 3.6.

Hversu ánægð(ur) ert þú almennt með eftirfarandi þætti í náminu?
Námsaðstöðu (t.d. bókasafn, tölvur, húsnæði, kennslustofur)




Mynd 3.4. Ánægja íslenskra háskólanema með námsaðstöðu, skipt eftir námsleiðum.

Hversu ánægð(ur) ert þú almennt með eftirfarandi þætti í náminu?
Skipulagningu og stundatöflu námsins




Mynd 3.5. Ánægja háskólanema á Íslandi með skipulag og stundatöflu námsins, skipt eftir námsleiðum.

Hversu ánægð(ur) ert þú almennt með eftirfarandi þætti í náminu?
Gæði kennslu




Mynd 3.6. Ánægja íslenskra háskólanema með gæði kennslu, skipt eftir námsleiðum.

Spurt var hvort háskólanemar væru sammála ýmsum fullyrðingum sem snúa að upplifun af námi. Af niðurstöðum má helstar nefna að mikill meirihluti íslenskra háskólanema mælir með núverandi námi, eða 80%. Nánari niðurstöður fyrir þessar fullyrðingar og samanburð við niðurstöður úr EUROSTUDENT VI má sjá á mynd 3.7.




Mynd 3.7. Afstaða háskólanema á Íslandi til fullyrðinga um núverandi nám háskólanema ásamt samanburði við niðurstöður úr EUROSTUDENT VI.

Spurt var hvort nemendur hefðu gert hlé á núverandi háskólanámi í að minnsta kosti tvær samliggjandi annir. Fáir höfðu gert það eða 7,4%. Til samanburðar var meðalhlutfall þeirra sem höfðu gert hlé á námi 7,0% í EUROSTUDENT VI og 7,3% á Norðurlöndunum. Helstu ástæður voru fjölskylduaðstæður (42,5%) og skortur á áhuga (33,8%). Samanburðartölur eru einnig til fyrir fjárhagserfiðleika og vinnutengdar ástæður. Á Íslandi sögðust 33,2% hafa gert hlé á námi vegna fjárhagserfiðleika en meðalhlutfall í EUROSTUDENT VI var 27% og 15,5% á Norðurlöndunum. Einnig sögðust 28,1% íslenskra háskólanema hafa gert hlé á námi vegna vinnutengdra ástæðna, en meðalhlutfall í EUROSTUDENT VI var 25,0% og 30,0% á Norðurlöndunum. Nánar má skoða svörin frá Íslandi á mynd 3.8.



Mynd 3.8. Ástæður fyrir hléi á núverandi námi. Athuga ber að hægt var að velja fleiri en einn svarkost.


Þegar nemendur áttu að meta hversu vel undirbúnir þeir væru fyrir vinnumarkaðinn eftir útskrift úr næstu prófgráðu töldu tveir af hverjum þremur sig vera vel undirbúna fyrir vinnumarkaðinn innanlands, en rétt um 43% töldu sig vera vel undirbúin fyrir vinnumarkaðinn erlendis. Nánari greiningu á svörum má sjá á mynd 3.9. Um 40% svarenda töldu sig vera betur undirbúin fyrir vinnumarkaðinn innanlands en erlendis og aðeins 5% töldu sig vera betur undirbúin fyrir vinnumarkaðinn erlendis en innanlands. Rétt yfir helmingur eða 51% taldi sig hins vegar vera jafn vel eða illa undirbúinn fyrir báða vinnumarkaði.



Mynd 3.9. Hæfni á vinnumarkaði eftir útskrift.


4 Aðstæður og fjármál

Meðan á námi stendur er algengast að íslenskir háskólanemar búi í húsnæði með maka, sambýlismanni eða sambýliskonu (41%, sjá á mynd 4.1). Í samanburði við Norðurlönd búa töluvert fleiri íslenskir háskólanemar hjá foreldrum, forsjáraðilum eða ættingjum, það er 28% en meðalhlutfall á Norðurlöndunum er 8%. Hlutfall þeirra sem búa í námsmannaíbúð svipar til meðalhlutfalls í EUROSTUDENT VI.




Mynd 4.1. Búseta á skólatíma.

Þeir sem eru 21 árs eða yngri eru langlíklegastir til að búa hjá foreldrum eða forsjáraðilum, eða 64% þeirra, en háskólanemar á aldrinum 22 til 30 ára eru líklegri að aðrir til að búa í námsmannaíbúð (23–25%; sjá á mynd 4.2). Þeir sem eru 30 ára og eldri eru líklegastir til að búa við annars konar aðstæður en þessar tvær.




Mynd 4.2. Búseta eftir aldri.

Þegar svör þeirra sem búa í námsmannaíbúð eru greind nánar má sjá að íslenskir háskólanemar virðast sáttari með ferðatíma til háskólans, almennt ástand húseignarinnar og staðsetningu en háskólanemar á öðrum Norðurlöndum og í Evrópu (mynd 4.3). Þeir eru svipað ánægðir og aðrir með kostnað.




Mynd 4.3. Ánægja nemanda sem búa í námsmannaíbúð.

Það er einnig áhugavert að skoða tvo helstu þættina, það er kostnað og staðsetningu eftir búsetu háskólanema. Helst má sjá þar að þeir sem búa í námsmannaíbúðum eru ánægðir með staðsetningu og þeir sem búa hjá foreldrum eru ánægðari en aðrir með kostnað. Á myndum 4.4 má sjá nánari greiningu eftir kostnaði og á mynd 4.5 eftir staðsetningu.




Mynd 4.4. Ánægja með kostnað húsnæðis eftir búsetu.



Mynd 4.5. Ánægja með staðsetningu húsnæðis eftir búsetu.


Flestir íslenskir háskólanemar eru í launuðu starfi með námi, aðeins 32% vinna ekki með náminu sem er töluvert lægra en á öðrum Norðurlöndunum þar sem 42% háskólanema eru ekki í launuðu starfi meðfram námi (sjá mynd 4.6). Að meðallagi vinna þeir 25,7 tíma á viku (staðalfrávik 14,9 tímar). Meira en helmingur segist vinna meira en 20 tíma á viku (53%).



Mynd 4.6. Launað starf með námi.


Einnig var spurt hversu mikið launaða starfið tengdist núverandi námi. Þar segjast 35% vera í starfi sem er mikið tengt náminu en 52% segjast vera í starfi sem er lítið tengt náminu. Svör eru breytileg eftir gráðu náms og hlutfallið hækkar hjá meistaranemum. 48% þeirra segjast vera í starfi sem tengist námi þeirra mikið.

Svarendur með atvinnu áttu að meta hversu mikið fullyrðingar tengdar starfinu áttu við þá. Sú fullyrðing sem átti mest við var að þeir væru í vinnu til að eiga fyrir reglulegum útgjöldum, en 86% sögðu að það ætti að öllu eða miklu leyti við um þá (sjá mynd 4.7). Sú fullyrðing sem átti síst við um þá var að þeir væru í vinnu til að styðja aðra fjárhagslega, en aðeins 26% sögðu að það ætti að öllu eða miklu leyti við. Athyglisvert er hversu hátt hlutfall segist vera að vinna til að hafa efni á háskólanáminu, eða 71%, sem er næsthæsta hlutfallið í EUROSTUDENT VI á eftir Noregi (73% en meðalhlutfall er 50%). Einnig er athyglisvert hversu lágt hlutfall er í vinnu til þess að öðlast reynslu á vinnumarkaði, eða 40%.



Mynd 4.7. Ástæður fyrir vinnu með námi.


Þótt það sé algengara að háskólanemar á Íslandi vinni með námi en evrópskir jafningjar þeirra segjast margir nemendur á Íslandi einnig glíma við mikla fjárhagserfiðleika, eða 34%. Þetta er hærra hlutfall en bæði á Norðurlöndunum og meðal evrópskra háskólanema almennt (sjá mynd 4.8). Athygli vekur að Ísland er eitt af sex löndum þar sem meira en þriðjungur háskólanema segist glíma við mikla fjárhagsörðugleika (13% mjög mikla og 21% mikla). Hin löndin eru Georgía, Albanía, Slóvenía, Pólland og Írland.



Mynd 4.8. Eigið mat á fjárhagserfiðleikum.

Þegar athugað er nánar hvaða hópur glímur við mikla fjárhagserfiðleika sést að það eru fremur þeir sem eru eldri en 25 ára, eða 39–40% þeirra. Þeir sem segjast glíma við mikla fjárhagserfiðleika eru ekki í starfi með námi en 41% þeirra sem ekki vinna neitt segjast líka glíma við mikla fjárhagserfiðleika. Þeir sem búa ekki hjá foreldrum eru einnig stór hópur þeirra sem segjast glíma við mikla fjárhagserfiðleika, eða 38%. Athyglisverður munur er á þeim sem segjast glíma við einhverja hömlun og þeim sem ekki gera það. 44% þeirra sem segjast glíma við hömlun segjast einnig hafa mikla fjárhagserfiðleika, en 29% þeirra sem glíma ekki við hömlun.


Að meðaltali eru ráðstöfunartekjur íslenskra háskólanema 296.338 krónur á mánuði (staðalfrávik 199.662 krónur). Áunnar tekjur eru algengastar, eða 45%, og svo næst að þær séu framfærsla frá fjölskyldu eða maka, eða 35% (sjá mynd 4.9). Athygli vekur að íslenskir háskólanemar treysta lítið á tekjur frá námslánnum eða styrkjum miðað við stúdenta á Norðurlöndunum, 16% á móti 38%.



Mynd 4.9. Hlutfall af ráðstöfunartekjum á mánuði eftir hvaðan þær koma.


Áhugavert er að skoða hvaða hópur það er sem framfærir sér að öllu leyti eða hluta á námslánnum og styrkjum en 39% af svarendum segjast taka námslán eða þiggja styrki. Sá hópur skiptist nokkuð jafnt milli kynja, 40% kvenna segjast taka námslán eða þiggja styrki á móti 36% karla. Á mynd 4.10 má sjá hvernig þessar niðurstöður skiptast eftir aldri en algengast er að þeir sem eru 25–30 ára nýti námslán og styrki til framfærslu, eða um 51%. Einnig er algengara að þeir sem framfæra sér á námslánnum segist eiga við fjárhagsörðugleika að stríða, eða 61%, á meðan að meðalhlutfall í EUROSTUDENT VI er aðeins 31%.

Ekki kemur á óvart að því meira sem háskólanemar vinna því ólíklegri eru þeir til þess að taka námslán eða þiggja styrki. Aðeins 16% þeirra sem vinna 20 tíma eða meira á viku eru styrk- eða lánþegar miðað við 59% þeirra sem vinna ekki með námi. Sá hópur sem býr hjá foreldrum er ólíklegur til að hafa framfærslu af námslánnum eða styrkjum, aðeins 18%, á meðan 46% þeirra sem búa ekki hjá foreldrum fá námslán eða styrki. Að lokum eru þeir sem eru með einhverja fötlun, hömlun eða langfarandi heilsufarsvandamál nokkuð líklegri til að hafa framfærslu af námslánnum eða styrkjum, eða 42% á móti 37% þeirra sem segjast ekki glíma við neina hömlun.




Mynd 4.10. Hlutfall þeirra sem fá námslán eða styrki greint eftir aldri.

Sá hópur sem býr ekki hjá foreldrum eða forráðamönnum var greindur eftir því hve mikill hluti af ráðstöfunartekjum fór í húsnæði. Á mynd 4.11 má sjá þá sem verja meira en 40% af ráðstöfunartekjum í húsnæði skipt niður eftir tegund húsnæðis og samanburð við Norðurlönd og EUROSTUDENT VI. Hlutfall íslenskra nemenda sem ver meira en 40% af ráðstöfunartekjum í húsnæði er almennt lægra en hlutfall nemenda á Norðurlöndunum en stærsti hópurinn á Íslandi eru þeir sem búa einir (61%) á meðan stærsti hópurinn á Norðurlöndunum eru þeir sem búa með öðrum (56%).




Mynd 4.11. Hlutfall nemanda sem býr ekki hjá foreldrum eða forráðamönnum og ver meira en 40% af ráðstöfunartekjum í húsnæði.

Að meðaltali eru útgjöld nema við íslenska háskóla 233.767 krónur á mánuði (staðalfrávik 153.201 krónur). Helstu útgjöld sem tengjast ekki náminu eru vegna húsnæðis og fæðis (sjá mynd 4.12). Í útgjaldaliðum sem tengjast náminu fer meirihlutinn í skráningargjöld, skólagjöld, prófgjöld og þess háttar (sjá mynd 4.13).




Mynd 4.12. Mánaðarleg útgjöld meðan á námi stendur – útgjöld sem tengjast ekki námi beint.



Mynd 4.13. Mánaðarleg útgjöld meðan á námi stendur – útgjöld tengd náminu.


Þegar hlutfall af útgjöldum í stærstu liðina fyrir utan námið er skoðað hjá þeim sem búa ekki hjá foreldrum eða forráðamönnum, og borinn saman við nemendur á Norðurlöndum og evrópska nemendur almennt má sjá að háskólanemar á Íslandi verja hlutfallslega svipuðu fjármagni í húsnæði, mat og samgöngur og aðrir (sjá mynd 4.14).



Mynd 4.14. Hlutfall af útgjöldum á hverjum mánuði – nemendur sem búa ekki hjá foreldrum eða forráðamönnum.

5 Alþjóðleg reynsla


Svipmynd af nemanda sem ekki hefur enn farið í nám til útlanda en stefnir út má sjá á mynd 5.1. Hann er ungur að árum, í bakkalárnámi, barnlaus og býr í foreldrahúsum og er ekki alls kostur sáttur við að búa á Íslandi. Þá er líklegt að foreldrar hans séu með háskólapróf og hafi sjálfir stundað nám erlendis. Svipmynd af nemanda sem hefur nú þegar farið út má sjá á mynd 5.2. Hann er 25 til 29 ára, hefur lokið eða er í meistaranámi, býr í stúdentaíbúð og á tvö börn. Þá er líklegt að foreldrar hans hafi sjálfir stundað nám erlendis og séu fjárhagslega vel staddir.



Mynd 5.1. Svipmynd af nemanda sem stefnir á að fara í nám til útlanda. Hlutföllin vísa í hæsta hlutfallið innan hvers flokks. Dæmi: Af þeim sem eru yngri en 25 ára hafa 44% ekki farið í nám til útlanda en stefna á það. Að meðaltali stefna 29% íslenskra háskólanema á nám til útlanda.

Flestir íslenskir háskólanemar sem tóku þátt í könnuninni hafa ekki stundað tímabundið nám erlendis eftir að þeir hófu nám í íslenskum háskóla og ætla sér ekki að gera það (rúmlega 61%). Skilgreiningin á tímabundnu námi hér nær eingöngu til skiptináms, ekki heilum námsleiðum, starfs- eða tungumálanáms. Tæpur þriðjungur segist hins vegar stefna á nám erlendis og einn tíundi háskólanema hefur stundað nám erlendis. Þetta 10% hlutfall er afar svipað því sem mælist á Norðurlöndunum, en þar hafa að meðaltali 12% stundað tímabundið nám erlendis og 22% segjast stefna á það.


Meðalhlutfall allra þjóða sem tóku þátt í EUROSTUDENT VI er örlítið lægra, þ.e. 7% segjast hafa stundað nám erlendis og 30% segjast stefna á það. Ef hlutfall allra sem hafa einhverja reynslu af námstengdum verkefnum erlendis (t.d. rannsóknir, starfs- og tungumálanám eða sumar- og vetrarskóla) er tekið saman segjast 22% hafa hana en meðalhlutfall þátttökupjóða í EUROSTUDENT VI við sömu breytu er 20%.



Mynd 5.2. Svipmynd af nemanda sem hefur nú þegar farið í nám til útlanda. Hlutföllin vísa í hæsta hlutfallið innan hvers flokks. Dæmi: Af þeim sem búa í stúdentaíbúð hafa 11% nú þegar farið í nám til útlanda.

Líkurnar minnka töluvert á því að háskólanemar stefni á nám erlendis með hækkandi aldri (sjá mynd 5.3). Einnig má sjá að þeir hópar sem eru hvað ólíklegastir til að stefna í nám erlendis eru þeir sem eiga börn (sjá mynd 5.4) og búa í eigin húsnæði (sjá mynd 5.5). Þannig stefna aðeins 16% námsmanna sem eiga börn á nám erlendis samanborið við 36% þeirra sem eru barnlausir (sjá mynd 5.4). Þetta mynstur helst í hendur við aldur. Hvorki er mikill munur á aldri né búsetu þeirra sem hafa nú þegar stundað nám erlendis (sjá mynd 5.3 og 5.5). Hins vegar eru þeir sem eru yngri líklegri til að stefna á nám erlendis en þeir sem eru eldri. Einnig má sjá mun á búsetu við þeim svarkost en þeir sem búa í eigin húsnæði eru hvað ólíklegastir til að stefna á nám erlendis.


Hefur þú stundað tímabundið nám erlendis eftir að þú hófst nám í háskóla á Íslandi?



Mynd 5.3. Áhugi á námi erlendis skipt eftir aldri.


Félagslegur þáttur sem einnig er áhugavert að skoða í tengslum við sókn í nám erlendis er fjárhagur foreldra. Töluvert líklegra er að þeir sem segjast eiga fjárhagslega vel stadda foreldra hafi verið í námi erlendis, eða 11%, á meðan einungis 5% þeirra sem segjast eiga fjárhagslega illa stadda foreldra hafa farið í slíkt nám.

Hefur þú stundað tímabundið nám erlendis eftir að þú hófst nám í háskóla á Íslandi?



Mynd 5.4. Áhugi á námi erlendis skipt eftir fjölda barna.


Hefur þú stundað tímabundið nám erlendis eftir að þú hófst nám í háskóla á Íslandi?



Mynd 5.5. Áhugi á námi erlendis skipt eftir búsetu.

Algengast er að nemendur á Íslandi hafi verið skráðir í nám til bakkalárgráðu þegar þeir fóru tímabundið í nám til útlanda, eða rúmlega 78%. Næst algengast (13%) var að nemendur væru skráðir í nám til meistaraþráðu en sjaldgæfast var að þeir væru skráðir í doktorsnám (0,5%).


Danmörk er algengasti áfangastaður íslenskra nemenda og Bretland og Bandaríkin fylgja fast á eftir (sjá mynd 5.6).



Mynd 5.6. Helstu lönd sem íslenskir háskólanemar fara til í tímabundið nám.

Annar nám erlendis en skiptinám og samanburð við EUROSTUDENT VI og Norðurlönd má sjá á mynd 5.7. Flestir sögðust hafa farið tímabundið erlendis til rannsókna eða í vettvangsferð, um 6%, sem er hærra hlutfall en í EUROSTUDENT VI, um 4%, en lægra samanborið við Norðurlöndin, um 6%. Fæstir sögðust hafa farið tímabundið erlendis vegna sumar- eða vetrarskóla eða 2%. Athygli vekur hvað fáir sögðust hafa farið tímabundið erlendis vegna starfsnáms eða vinnuskipta, aðeins um 2%, samanborið við EUROSTUDENT VI, um 5%, og Norðurlöndin, um 6%. Algengast var að háskólanemar sem fara í starfsnám eða vinnuskipti fari til Bretlands (22%) og Þýskalands (12%) en Danmörk (10%) og Frakkland (9%) eru ekki langt þar á eftir. Meðallengd dvalar í starfsnámi eða vinnuskiptum voru þrjú mánuðir en nemendur fóru til Bretlands og Frakklands í að meðaltali tvo mánuði en til Þýskalands og Danmerkur í þrjú mánuði.


Fórst þú til útlanda vegna annarra námstengdra verkefna meðan þú varst í háskólanámi á Íslandi?



Mynd 5.7. Önnur námstengd verkefni erlendis.

Um tveir af hverjum þremur nemendum sem farið hafa í nám til útlanda sögðust hafa fengið allar einingar sem þeir tóku í gestaskóla metnar eða viðurkenndar (sjá mynd 5.8). Það er töluvert hærra hlutfall en annars staðar í Evrópu en lægra en á Norðurlöndunum. Á Norðurlöndunum sögðust 71% aðspurðra hafa fengið allar einingar metnar en meðalhlutfallið í þátttökulöndum EUROSTUDENT VI var 60%. Aðeins 5% íslenskra nemenda fengu engar einingar metnar en 7% nemenda sögðust aldrei hafa haft í hyggju að fá einingar metnar eða viðurkenndar. Einhver munur var á mati eininga eftir aldri en yngsti hópurinn (undir 25 ára) var ólíklegri en aðrir til að fá einingar úr námi erlendis metnar (12%).

Var námið erlendis metið eða viðurkennt til eininga (ECTS) af háskóla þínum á Íslandi?



Mynd 5.8. ECTS einingar metnar úr námi erlendis.


Háskólar á Íslandi eru líklegri til að meta einingar fyrir annað nám en hefðbundið háskólanám miðað við háskóla í öðrum Evrópulöndum. Aðspurðir sögðust 53% íslenskra háskólanema, sem höfðu farið tímabundið í nám erlendis í önnur námstengd verkefni en hefðbundið háskólanám, hafa fengið einhverjar einingar metnar en meðalhlutfall í EUROSTUDENT VI er aðeins 29%.

Algengast var að þeir sem fóru í rannsóknir eðavettvangsferð fengju ECTS námseiningar metnar (62%). Þeir sem fóru í sumar- eða vetrarskóla til útlanda fengu einingar metnar í rúmlega helmingi tilfella (53%), en þeir sem fóru út í starfsnám nokkuð sjaldnar (46%). Aðeins 33% þeirra sem fóru út í tungumálanám fengu ECTS einingar metnar að námsdvoli lokinni.

Einnig var spurt um lengd dvalar og dvöldu þeir sem fóru í starfsnám eða vinnuskipti lengst erlendis, þ.e. um þrjú mánuði eins og áður hefur komið fram. Þeir sem fóru til útlanda vegna rannsókna eða vettvangsferða dvöldu hvað styst eða tæpan mánuð. Þetta eru sambærilegar tölur og mældust í EUROSTUDENT VI (3,4 mán. og 1,8 mán.). Á mynd 5.9 má sjá meðallengd dvalar greinda eftir því hvort nemendur eigi barn eða ekki. Þar kemur fram að almennt dvelja þeir sem eru barnlausir lengur erlendis við námstengd verkefni en þeir sem eiga eitt barn eða fleiri.

Að lokum voru þeir sem höfðu farið í nám erlendis spurðir hvernig námsálagið hafi verið í samanburði við álagið í náminu á Íslandi. Tæplega helmingur (49%) sagði álagið hafa verið svipað á meðan fimmtungi fannst það vera nokkru eða mun meira (21%) og nokkru fleiri töldu það vera nokkru eða mun minna (29%).

Meðallengd dvalar við námstengd verkefni.




Mynd 5.9. Meðallengd dvalar við námstengd verkefni greint eftir barneign.

Algengast var að námið erlendis hafi verið skipulagt í gegnum menntaáætlun Evrópusambandsins, Erasmus+ (46% nemenda). Rúmur fimmtungur nemenda fór utan á vegum samstarfssamnings heimaskóla við gestaskóla (22%) en tæpur fimmtungur skipulagði dvölinna erlendis á eigin vegum (19%). Nemendur Listháskóla Íslands (LHÍ) voru líklegastir til að fara í námsdvöl á vegum Evrópusambandsins, eða 88% þeirra sem fóru til útlanda, en nemendur Háskólans í Reykjavík (HR) ólíklegastir (um 35%). Hins vegar var algengast að nemendur HR færu í nám til útlanda í gegnum samstarfssamning milli skóla (nálægt 50%), en næst hæsta hlutfall nemenda sem fór í slíkt nám (18%) var við Háskóla Íslands (HÍ). Flestir þeirra er sóttu nám á eigin vegum voru við nám í HÍ eða við Háskólann á Bifröst en aðeins 9% nemenda HR og enginn nemandi í LHÍ skipulagði sjálfur nám sitt erlendis.

Aðalfjármögnunarleið íslenskra nemenda á námi erlendis eru hefðbundin íslensk námslán (sjá mynd 5.10), en margir fjármagna einnig námið með tekjum frá fyrri störfum og sparnaði. Í þriðja sæti eru námsstyrkir frá Evrópusambandinu. Til samanburðar treysta nemendur á Norðurlöndunum meira á hefðbundin námslán frá heimalandinu (49%) en minna á tekjur og sparnað (22%) auk þess sem aðeins 2% reiða sig á framlög frá námsstyrkjum á vegum Evrópusambandsins Greinilega er mikill munur á fjármögnun náms erlendis milli þjóða, samkvæmt meðalhlutfalli í EUROSTUDENT VI er algengast að treysta á fjölskyldu eða maka (30%) og styrki á vegum Evrópusambandsins (30%), þá á tekjur og sparnað (13%) en aðeins 12% sögðu aðalfjármögnunarleiðina hafa verið námslán frá heimalandi.

Hvernig fjármagnaðir þú námið þitt erlendis? (Aðalfjármögnunarleiðir)



Mynd 5.10. Aðalfjármögnunarleiðir háskólanema til náms erlendis.


Þar sem þetta var fjölvalsspurning (merkja mátti við fleiri kosti en einn) voru algengustu samsetningar fjármögnunar einnig greindar (sjá mynd 5.11). Reyndist blanda af þremur helstu fjármögnunarleiðunum vera sú algengasta, það er eigin tekjur eða sparnaður, styrkir á vegum Evrópusambandsins og íslensk námslán eða styrkir. Athygli vekur að þriðja algengasta samsetningin var framlög frá foreldrum og eigin sparnaður.

Hvernig fjármagnaðir þú námið þitt erlendis? (algengustu samsetningar)



Mynd 5.11. Algengustu samsetningar á fjármögnunarleiðum til náms erlendis.

Mikilvægt er að skoða hvaða hindranir nemendur upplifðu gagnvart því að fara í nám til útlanda, og leita þá álitis ekki aðeins hjá þeim sem hafa farið nú þegar heldur einnig hjá þeim sem hafa ekki farið. Á mynd 5.12 má sjá að aukin fjárhagsleg byrði var algengasta hindrun nemenda í að sækja nám til útlanda (37% segja hana mjög mikla hindrun), en aðskilnaður frá vinum, maka og fjölskyldu vó einnig þungt (23%) sem og vinnutap eða atvinnumissir (19%). Með hækkandi aldri námsmanna eykst vægi hindrana eins og aðskilnaður frá vinum eða fjölskyldu og vinnutap eða atvinnumissir. Þessir þættir virðast einnig vera meiri hindrun fyrir nemendur sem búa í eigin húsnæði og eiga börn en aðra og eru augljóslega samofnir aldri nemendanna. Þá er fjárhagsleg byrði talin vera meiri hindrun af þeim sem telja fjölskylduna sína illa stadda fjárhagslega heldur en þeim sem telja hana vera í meðallagi eða vel stadda. Nemendur sem segja að fötlun hindri sig að öllu eða miklu leyti við námið telja að fjárhagsleg byrði sé mikill tálmi (72%). Þá reyndist aðskilnaður frá vinum eða fjölskyldu vera þessum hópi mikil hindrun (38%) auk þess sem 16% töldu að heilsufar sitt eða fötlun væri mjög mikil hindrun fyrir því að fara í nám til útlanda.



Mynd 5.12. Hindrun fyrir námi erlendis.

Nemendum sem hafa ekki farið til útlanda í nám var skipt í tvo hópa eftir því hvort þeir stefndu á að fara í námið eða ekki (sjá töflu 5.1). Almennt telja þeir sem stefna á að læra erlendis að það séu færri hindranir fyrir þá en þeir sem stefna ekki á það. Hóparnir á Íslandi eiga það sameiginlegt að aukin fjárhagsleg byrði og vinnutap eða atvinnumissir eru álitnar miklar hindranir. Athygli vekur að aðskilnaður frá vinum eða fjölskyldu er talin töluvert minni hindrun hjá þeim sem stefna á að læra erlendis en hjá þeim sem ekki stefna út (16% gegn 55%). Eins og búast má við er áhugaleysi mikil hindrun fyrir þá sem stefna ekki á að læra erlendis, en minnsta hindrunin fyrir þá sem að því stefna.

Nemar án áætlana um að læra erlendis			Nemar með áætlanir um að læra erlendis		
%	Röð		%	Röð	Munur á röðun eftir hópum
72	1	Aukin fjárhagsleg byrði	48	1	→
55	2	Aðskilnaður frá vinum, maka ofl.	16	4	↓
40	3	Vinnutap/Atvinnumissir	24	2	↑
19	4	Hef/Hafði ekki áhuga	1	12	↓
19	5	Lítill ávinningur	8	10	↓
17	6	Erfitt að sameina nám erlendis við nám heima	15	5	↑
14	7	Erfiðleikar við að fá nám viðurkennt	11	7	→
13	8	Skortur á upplýsingum frá mínum háskóla	12	6	↑
12	9	Ónóg erlend tungumálakunnátta	9	9	→
8	10	Erfiðleikar við að nálgast upplýsingar um reglugerðir lands	11	8	↑
7	11	Takmarkað aðgengi	17	3	↑
6	12	Heilsufar/fötlun	5	11	↑

Tafla 5.1. Helstu hindranir fyrir að fara í nám til útlanda eftir því hvort nemendur stefna eða stefna ekki á slíkt nám – Ísland.

Niðurstöður meðal íslenskra nemenda eru svipaðar og í öðrum þáttökulöndum EUROSTUDENT VI, þ.e. að hjá þeim sem ætla sér ekki í nám erlendis eru helstu þrjár hindranirnar þær sömu og á Íslandi (sjá töflu 5.2). Hins vegar er munur milli íslensku nemendanna og þeirra sem ætla sér til útlanda í nám í þáttökulöndum EUROSTUDENT VI sem fremur sáu skort á upplýsingum sem hindrun en vinnutap eða atvinnumissi. Helsti munurinn er þó að í þáttökulöndum EUROSTUDENT VI telja háskólanemar ónóga erlenda tungumálakunnátta vera mikla hindrun fyrir námi erlendis (á bilinu 16 til 25%). Almennt virðist einnig vera erfiðara að fá nám erlendis viðurkennt meðal annarra þjóða en hér á landi.

Nemar án áætlana um að læra erlendis			Nemar með áætlanir um að læra erlendis		
%	Röð		%	Röð	Munur á röðun eftir hópum
62	1	Aukin fjárhagsleg byrði	47	1	→
47	2	Aðskilnaður frá vinum, maka o.fl.	21	4	↓
35	3	Vinnutap/Atvinnumissir	17	7	↓
30	4	Hef/Hafði ekki áhuga	9	12	↓
28	5	Erfitt að sameina nám erlendis við nám heima	21	5	→
27	8	Lítill ávinningur	15	9	↓
25	7	Ónóg erlend tungumálakunnátta	16	8	↓
23	8	Erfiðleikar við að fá nám viðurkennt	22	3	↑
22	9	Skortur á upplýsingum frá háskóla mínum	25	2	↑
18	10	Takmarkað aðgengi	19	6	↓
16	11	Erfiðleikar við að nálgast upplýsingar um reglugerðir lands	15	10	↑
8	12	Heilsufar/Fötlun	10	11	↑

Tafla 5.2. Helstu hindranir fyrir að fara í nám til útlanda eftir því hvort nemendur stefna eða stefna ekki á slíkt nám – EUROSTUDENT VI lönd.

Samantekt

Meðalaldur íslenskra háskólanema er hærri (29,7 ára) en nemenda á Norðurlöndum (27,8 ára) og í hinum EUROSTUDENT löndunum (25 ára) og ekkert annað þátttökuland er með jafn hátt hlutfall nemenda yfir þrítugu. Aldur nemenda hefur áhrif á aðra þætti er könnunin náði til, svo sem fjölskyldustærð, búsetu og fjárhag. Þannig má nefna að þriðjungur svarenda á Íslandi átti eitt barn eða fleiri, sem er hæsta hlutfall í EUROSTUDENT og 41,2% af yngstu börnum háskólanema á Íslandi eru undir þriggja ára aldri. Konur eru mikill meirihluti háskólanema á Íslandi. Nær 63% þátttakenda á Íslandi voru konur og rúmlega 37% karlar, en hlutfall kvenna sem tóku þátt í EUROSTUDENT könnuninni var 56%.

Hlutfall nemenda á Íslandi sem skilgreina sig með fötlun, hömlun eða langvarandi heilsufarsvandamál (39% svarenda) er með því mesta sem gerist í EUROSTUDENT löndunum (meðaltal 18%) og mun hærri en á hinum Norðurlöndunum (25%). Konur glíma aðallega við andleg veikindi en karlar við sértæka námsörðugleika. Athygli vekur að 15% íslenskra svarenda glíma við andleg veikindi en meðaltalið er 4% í EUROSTUDENT löndunum; þá segjast 18% íslenskra svarenda vera með sértæka námsörðugleika en meðaltal EUROSTUDENT landanna er 3%. Einungis 26% þeirra sem skilgreindu sig með fötlun, hömlun eða langvarandi heilsuþrest töldu slíkt hafa mikil áhrif á námið og aðeins 13% töldu að þeir fengu fremur eða algjörlega fullnægjandi stuðning frá sveitarfélögum, ríkinu eða háskólanum.

Háskólanemar á Íslandi gera frekar hlé á námi milli framhaldsskóla og háskóla (27%) en nemendur í öðrum EUROSTUDENT löndum (14%) og hafa 88% þeirra öðlast starfsreynslu við upphaf háskólagöngu samanborið við 53% í EUROSTUDENT löndum. Þeir eru einnig gjarnari á að gera hlé á háskólanáminu sjálfu, einkum vegna fjölskylduáðstæðna (43%), fjárhagslegra örðugleika (33%) og atvinnu (28%). Um 42% af svarendum sem skráðir eru í nám til meistaraþráðu létu líða meira en tvö ár frá fyrri háskólagráðu þangað til þeir hófu nám á meistarastigi.

Mikill áhugi virðist vera á framhaldsnámi meðal íslenskra háskólanema en um 71% sem skráðir eru í bakkalárnám ætla í áframhaldandi nám, aðeins 3% eru staðfestir í að halda ekki áfram og aðrir eru óvissir. Einnig telur meirihluti nema að þeir séu mjög vel eða vel undirbúnir fyrir vinnumarkaðinn innanlands, 67%, en aðeins lægra hlutfall telja sig vel undirbúna fyrir vinnumarkaðinn erlendis, 43%.

Meirihluti háskólanema í íslensku könnuninni segist vera ánægður með skipulag og stundatöflu námsins (66%), námsaðstöðu (67%) og gæði kennslunnar (71%) og er það mun meiri ánægja en hjá nemendum í EUROSTUDENT löndunum. Þá voru íslenskir háskólanemar sérstaklega ánægðir með nemendagárða, bæði hvað varðar staðsetningu og aðbúnað.

Það vekur athygli hve mikil áhrif menntun foreldra hefur á fjárhagslega og félagslega stöðu háskólanema jafnt á Íslandi sem í öðrum löndum er EUROSTUDENT VI könnunin náði til. Þannig hefja nemendur sem eiga háskólamenntaða foreldra nám fyrr en þeir sem eiga foreldra sem aldrei hafa hlotið háskólagráðu og er sá munur áberandi meðal háskólanema á Íslandi, þar sem meðalaldur háskólanema með háskólamenntaða foreldra er 26,8 ár en þeirra sem eiga foreldra án háskólaprófs 32,9 ár. Sambærilegar tölur fyrir EUROSTUDENT VI könnunina í heild eru 24,2 ár og 25,9 ár. Nemendur sem eiga háskólamenntaða foreldra eru mun líklegri til að stefna á framhaldsnám erlendis en þeir sem ekki eiga háskólagengna foreldra. Þá eru íslenskir nemendur áhugasamari um framhaldsnám erlendis en flestir nemar í Evrópu, en Ísland skipar annað sæti á lista yfir lönd hvar nemendur stefna á slíkt nám.

Um 10% íslenskra háskólanema hafa farið tímabundið í nám til útlanda og um 29% stefna á slíkt nám. Dæmi um tímabundið nám er skiptinámið, ekki heilar námsleiðir. Þetta er mun hærri hlutfall en víða erlendis, en til samanburðar má geta að um 7% háskólanema í öðrum löndum Evrópu sem tóku þátt í EUROSTUDENT V höfðu farið í nám utan heimalandsins. Stærsti hópur háskólanema (35%) fjármagnar nám erlendis með námslánum, en margir nýta einnig eigin tekjur eða sparnað (27%). Aukin fjárhagsleg byrði er helsta hindrun þess að nemendur sækist eftir tímabundnu námi erlendis, en að auki sjá margir aðskilnað frá vinum og ættingjum og vinnutap eða atvinnumissi

sem umtalsverða hindrun fyrir námsdvöl erlendis. Þeir sem eiga við fötlun að stríða nefna mun fremur en aðrir að fjárhagsleg byrði hindri þá í að sækja tímabundið nám til útlanda.

Háskólanemar á Íslandi vinna mikið og telja fjárhagsstöðu sína erfiða. Þeir verja meira en 50 stundum á viku í launaða vinnu og nám, meira en í nokkru öðru landi. Mestu munar þar um sjálfstætt nám utan stundatöflu, en nemar á Íslandi verja miklum tíma í sjálfstætt nám, þótt skipulagt nám sé engu minna hér en annars staðar. Háskólanemar á Íslandi vildu þó geta varið enn meiri tíma í námið en þeir gera nú.

Ráðstöfunartekjur íslenskra háskólanema er yfir meðaltali EUROSTUDENT landanna en áunnar tekjur eru algengasta ráðstöfunartekjuleiðin á undan framfærslu frá fjölskyldu eða maka. Útgjöldin eru einnig há en stór hluti þeirra er húsnæðiskostnaður og svo matur. Húsnæðiskostnaður á Íslandi er hár og tveir af hverjum þremur sem reiða sig á námslán hafa áhyggjur af fjárhag sínum. Það búa 28% háskólanema hjá foreldrum, forsjáraðilum eða ættingjum sem er lægra en meðalhluftallið í EUROSTUDENT VI. Algengast var að nemar búi með maka, sambýlismanni eða sambýliskonu, eða 41%, og 18% svöruðu að þeir byggju í námsmannabúð.